



LÖGMANNSTOFA

Nefndarsvið Alþingis,
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10,
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2023

Efni: Umsögn Slysavarnarfélagsins Landsbjargar við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.

I. INNGANGUR

1. Efnahags- og viðskiptanefnd hefur kallað eftir umsögnum við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.). Fyrir hönd Slysavarnarfélagsins Landsbjargar þykir ástæða að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri í tengslum við umrætt frumvarp.
2. Í upphafi er vert að nefna að starfsemi björgunarsveita er óumdeilanlega þýðingarmikil í íslensku samfélagi. Í ljósi mikilvægis björgunarsveita þykir nauðsynlegt að rekstrar- og skattaumhverfi þeirra, sem og viðurkenndra heildarsamtaka þeirra, sé skýrt og ekki óhóflega íþyngjandi. Í núverandi rekstrarumhverfi er björgunarsveitum nokkuð þröngur stakkur sniðinn, sem nauðsynlegt er að útvíkka svo að hægt verði að færa starfsemina í nútímalegri og umhverfisvænni búning.
3. Í nágildandi löggjöf er að finna ýmsar undanþágur sem ætlað er að styðja við rekstur og starfsemi björgunarsveita. Sem dæmi má nefna að í 12. tölul. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005, segir að tolla skuli lækka, fella niður eða endurgreiða vegna tímabundins innflutnings af björgunarbúnaði og björgunartækjum, enda liggja fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að búnaðurinn verði einungis nýttur í starfsemi björgunarsveita. Í 42. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi, nr. 630/2008, segir enn fremur að björgunarbúnaður og björgunartæki, önnur en ökutæki, sem björgunarsveitir eða viðurkennd heildarsamtök þeirra flytja inn, séu undanþegin aðflutningsgjöldum enda verði þau eingöngu nýtt í starfsemi björgunarsveitar. Þá segir í n. lið 1. mgr. 4. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993 að ökutæki sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita skuli undanþegin vörugjaldi, enda liggja fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að viðkomandi ökutæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita, sbr. einnig 17. gr. reglugerðar um vörugjald af ökutækjum, nr. 331/2000. Þá má nefna að samkvæmt 9. tölul. 4. gr. laga um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, er heimilt að selja eða afhenda olíu til nota á bifreiðir í eigu björgunarsveita án innheimtu olúgjalds. Loks gerir nýlegt frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða ráð fyrir því að bifreiðar í eigu björgunarsveita verði undanþegnar kílómetragjaldi.
4. Slysavarnarfélagið Landsbjörg telur bæði eðlilegt og nauðsynlegt að huga að frekari aðgerðum til þessa að létta undir rekstri félagsins, sem og aðildarfélaga þess, enda hefur útköllum fjölgað

og álag aukist umtalsvert á undanförunum árum, m.a. vegna aukins ferðamannafjölda hér á landi. Verður nú vikið að tilteknum atriðum er Slysavarnarfélaginu Landsbjörg þykir sérstök ástæða til þess að taka til skoðunar.

II. ATHUGASEMDIR SLYSAVARNARFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

5. Að mati Slysavarnarfélagsins Landsbjargar mæla skynsemirök með því að sala á eldsneyti, n.t.t. bensíni, til björgunarsveita og viðurkenndra heildarsamtaka þeirra, verði undanþegin vörugjöldum.
 6. Í III. kafla laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, er kveðið á um skyldu til þess að greiða vörugjöld af eldsneyti, n.t.t. bensíni. Sem áður segir er heimilt að selja olíu til nota á bifreiðir í eigu björgunarsveita án innheimtu olíugjalds, en eftir standa vörugjöld af bensíni er björgunarsveitir nýta í starfsemi sinni.
 7. Fyrir um 5-10 árum keyptu hérlendar björgunarsveitir nær einvörðungu gasolíudrífín ökutæki til notkunar í starfsemi sinni, m.a. vegna áðurnefndar undanþágu í lögum olíugjald og kílómetragjald, en einnig vegna þess að lítið var um sparneytin bensíndrífín ökutæki sem hentuðu vel til breytinga til starfa við leit og björgun. Margt hefur þó breyst á skömmum tíma og raunin er nú sú að meirihluti ökutækja sem björgunarsveitir hafa fest kaup á síðustu ár er bensíndrífín, ekki síst vegna sjónarmiða um mengunarvarnir og vernd umhverfisins. Slysavarnarfélagið Landsbjörg telur nokkuð ljóst að þessi þróun muni halda ótrauð áfram, þ.e. björgunarsveitir munu færa sig með öllu í bensín/tvíorku/rafdrífín ökutæki á næstu árum, samhliða því sem að gasolíudrífín ökutæki verða bönnuð.
 8. Með hliðsjón af því sem að framan greinir telur Slysavarnarfélagið Landsbjörg rökrétt að leiða í lög undanþágu er heimilar sölu á bensíni til björgunarsveita án innheimtu vörugjalda. Það orkar enda tvímælis að núverandi löggjöf heimili áþekka undanþágu í tilfelli díselolíu, en ekki bensíns. Í 17. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993 er nú þegar að finna undantekningu er varðar loffför, sem felst í því að bensín sem notað verður eða hefur sannanlega verið notað á loffför, skal undanþegið vörugjaldi. Slysavarnarfélagið Landsbjörg telur að samskonar undanþága eigi að gilda um bensín sem notað er á tæki og búnað í eigu viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita og björgunarsveita sem starfa innan þeirra, þ.e. séu umrædd tæki og búnaður nýtt í starfsemi framangreindra aðila.
 9. Þá má nefna að rafknúin ökutæki henta enn sem komið er illa til notkunar í störfum björgunarsveita. Flest tæki björgunarsveita eru útbúin á þann máta að þau bera með sér allt að tvöfalt magn eldsneytis miðað við samskonar tæki sem ekki eru brúkuð í björgunarstörfum, en slíkar breytingar eru gerðar til þess að tryggja úthald í aðgerðum. Drægni þeirra rafknúnu ökutækja sem nú eru til sölu er því miður ekki nægjanleg til þess að hægt sé að treysta á þau í leit og björgun á víðfeðmu landinu. Þangað til að tækninni hefur fleygt nægjanlega fram er því nauðsynlegt að stíga þau skref sem raunhæft er að stíga í átt að umhverfisvænni og sjálfbærari rekstri björgunarsveita, sem að mati Slysavarnarfélagsins Landsbjargar felur m.a. í sér notkun bensíndrífínna og tvíorkudrífínna ökutækja.
- * * *
10. Slysavarnarfélagið Landsbjörg telur mikilvægt að undanþiggja sölu eldsneytis til björgunarsveita virðisaukaskatti, m.a. með vísan til þeirra sjónarmiða sem reifuð hafa verið hér að ofan.

11. Samhliða niðurfellingu vörugjalda á bensíni sem selt er til björgunarsveita væri rökrétt að mati Slysavarnarfélagssins Landsbjargar að gera breytingar á virðisaukaskattslöggjöfnni, á þá leið að sala á eldsneyti til björgunarsveita og viðurkenndra heildarsamtaka þeirra teldist ekki til skattskyldrar veltu í skilningi laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Í 8. mgr. 42. gr. umræddra laga er nú mælt fyrir um að endurgreiða skuli virðisaukaskatt af innflutningi eða kaupum á ökutækjum sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, enda liggja fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á því að viðkomandi ökutæki verði einungis notað í þágu björgunarsveita. Sem áður segir eru slík ökutæki enn fremur undanþegin vörugjaldi.
12. Þannig er ljóst að gjaldtaka hins opinbera af ökutækjum sem notuð eru í starfsemi björgunarsveita er að töluverðu leyti takmörkuð, ef frá eru talin vörugjöld á bensín er fjallað var um hér að ofan, sem og virðisaukaskattur sem lagður er á eldsneyti sem selt er til björgunarsveita. Slysavarnarfélagið Landsbjörg telur að það að undanþiggja sölu eldsneytis til björgunarsveita sé til þess fallið að hlúa enn frekar að rekstri björgunarsveita og viðurkenndra heildarsamtaka þeirra, og þar með tryggja að umræddir aðilar geti sinnt sínu lögbundna hlutverki af fullum krafti.
13. Þá breytingu sem hér er til umræðu mætti til dæmis innleiða með breytingu á 12. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, sem hefur að geyma undantekningar frá almennu reglunni um skattskylda veltu sem fram kemur í 11. gr. sömu laga. Flestar þær undantekningarnar er umrædd 12. gr. hefur að geyma varða umsvif á erlendri grundu eða sölu úr landi, en þess má þó geta að löggjafinn hefur séð ástæðu til þess að undanskilja tiltekna veltu skattskyldu af pólitískum ástæðum, sbr. 8. tölul. 12. gr., er varðar samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu. Þá hafa eldri útfærslur 12. gr. aukinheldur innihaldið álíka ákvæði, sem segja má að hafi endurspeglað pólitískan vilja löggjafans á þeim tíma er þau voru leidd í lög. Þannig var til að mynda mælt fyrir um að sala dagblaða skyldi vera undanþegin skattskyldri veltu í 12. gr. laganna er þau litu fyrst dagsins ljós árið 1988, en undanþágan var rökstudd með vísan til sérstöðu dagblaða á sviði nútímafjölmiðlunar. Með breytingarlögum nr. 119/1989 var sala á tímaritum og íslenskum bókum einnig undanþegin skattskyldri veltu, sem og sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis.
14. Í 5. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 segir að vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum skuli eigi teljast til skattskyldrar veltu. Að mati Slysavarnarfélagssins Landsbjargar mætti hæglega leiða í lög álíka ákvæði er tiltæki að eldsneyti sem afhent væri til viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita og aðildarféлага þeirra, til notkunar í störfum umræddra aðila, skuli ekki teljast til skattskyldrar veltu. Með því væri tekið stórt skref í átt að því að einfalda rekstrarumhverfi björgunarsveita, sem reknar eru í sjálfboðavinnu og oft á tíðum í litlum og tiltölulega fámönnum einingum og auðvelda slíkum sveitum að vinna þá mikilvægu vinnu er þær hafa með höndum.

* * *

15. Slysavarnarfélagið Landsbjörg leggur áherslu á sérstöðu og mikilvægi björgunarsveita í samhengi við komandi lagasetningu er varðar vegasamgöngur og innleiðingu nýorkuqjafa.
16. Í ljósi áforma um innleiðingu nýs kerfis til fjármögnunar vegsamgangna þykir Slysavarnarfélaginu Landsbjörg nauðsynlegt að benda á mikilvægi þess að slík lagasetning taki mið af starfsemi björgunarsveita og að löggjafinn sé tilbúinn að eiga í góðu og opnu samtali við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu í því ferli. Sömu sögu eru að segja um mögulega lagasetningu tengda nýorkugjöfum. Það er sérlega mikilvægt að ekkert í slíkri lagasetningu

hefti um of möguleika björgunarsveita á að taka í notkun umhverfissvænni tækjakost eða standi sjálfbærri þróun starfsemi björgunarsveita í vegi fyrir. Eins og áður hefur verið fjallað um er björgunarsveitunum illa kleift að svo stöddu að skipta yfir í rafknúin ökutæki, en það er eftir sem áður mikilvægt að tryggja að slík orkuskipti geti farið fram þegar að þau verða nægjanlega fýsileg.

17. Að endingu lýsir Slysavarnarfélagið Landsbjörg sig reiðubúin til að ræða nánar við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, og vinna saman að frekari framþróun á sviði þeirra mála sem tekin hafa verið til umfjöllunar í hér að ofan.

* * *

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar vegna erindisins.

Virðingarfyllst,

f.h. Slysavarnarfélagsins Landsbjargar



f.h. Eyvindar Sólnes hrl.,
Arnaldur Starri Stefánsson, lögfræðingur